

Ár 2023, fimmtudaginn 30. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Andra Val Ívarssyni og Ástu Björk Eiríksdóttur.

**Fyrir er tekið málið nr. 3/2023:**

Morten Beck Guldsmed  
gegn  
Knattspyrnudeild FH

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Kærandi:

Morten Beck Guldsmed

Fyrirsvarsmaður: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Kærði:

Knattspyrnudeild FH

Fyrirsvarsmaður: Stefán Geir Þórisson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 23. febrúar 2023.

**II.**

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að knattspyrnudeild FH verði gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 2.000.000,- og gert að sæta félagaskiptabanni í tvö félagaskiptatímabil.

Af hálfu kærða er þess krafist að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd. Til vara er þess krafist að kröfum kæranda verði hafnað og að kærði verði sýknaður.

**III.**

**Málsatvik:**

Kærandi lýsir málavöxtum á eftirfarandi hátt:

*„Umbj. minn [Morten Beck Guldsmed] og FH gerðu með sér leikmannasamning 23. desember 2019. Samningurinn gildi frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Ágreiningur var milli umbjóðanda míns og FH hvort að samningurinn væri launþega- eða verksamningur. Byggði umbj. minn á að samningurinn væri launþegasamningur, en FH hélt því fram að um verksamning væri að ræða. Svo fór á endanum að FH vísaði málinu til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.*

Með úrskurði, dags. 10. ágúst 2022 komst samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri launþegasamningur og því bæri FH ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum samkvæmt samningum. Fyrir liggur að umbj. minn var jafnframt með leikmannasamning við FH 24. júlí 2019 til 31. janúar 2019. Krafan tekur því einnig til þess tímabils þó að það falli utan ofangreinds úrskurðar samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.

Fyrir liggur að FH greiddi hvorki iðgjald í lífeyrissjóð eða félagsgjald til stéttarfélags. Þá stóð FH ekki skil á staðgreiðslu tekjuskatts og tryggingagjaldi til ríkissjóðs eins og FH var skylt samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Við starfslok átti því umbjóðandi minn kröfu á hendur FH við vegna vangoldinna launa og launatengdra gjalda fyrir árin 2019, 2020 og 2021.

[...] Með kröfubréfi, dags. 9. janúar 2023 var FH veittur frestur til 16. janúar 2023 til þess að ganga til samninga við umbj. minn um uppgjör á kröfunni, en að öðrum kosti væri umbj. mínum nauðugur einn sá kostur að leita til KSÍ til þess að knýja á um uppgjör á kröfunni.

Þriðjudaginn, 12. janúar sl., fundaði ég með fulltrúum FH og lögmanni félagsins. Sá fundur var árangurslaus. Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ þess efnis að samningurinn sé launþegasamningur er skýr og ótvíræð. Jafnframt liggur fyrir að það var FH sem vísaði málinu til nefndarinnar, en neitar nú að ganga til uppgjörs við umbj. minn á grundvelli úrskurðar nefndarinnar. Þá hefur FH ekki gert athugasemdir við fjárhæð kröfu umbjóðanda míns. Því ber FH að greiða kröfuna. Það hefur FH ekki gert og því er umbj. mínum nauðugur einn sá kostur að krefjast þess að FH verði beitt viðurlögum og er málinu því vísað til aga- og úrskurðarnefndar, sbr. grein 14.17.3 í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl.

Samkvæmt grein 14.17.1 í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl. hvílir sú skylda á FH að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tók á sig gagnvart umbj. mínum skv. efni leikmannasamninga sem það gerði við hann. Það hefur FH ekki gert þrátt fyrir úrskurð samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022, sbr. kröfubréf dags. 9. janúar 2023.

FH hefur því gerst brotlegt við ofangreint reglugerðarákvæði og því ber að taka kröfur umbj. míns til greina og gera FH viðurlög vegna brotsins. Þess er krafist að báðum þeim viðurlögum sem umbj. gerir kröfu um verði beitt samtíms sbr. grein 14.17.6 í framangreindri reglugerð KSÍ. Ekki er þörf á skýrslutökum. Áskilinn réttur til frekari rökstuðnings og gagnaframlagningar.

Í greinargerð kærða kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Í erindi MBG er frá því greint að hann hafi falið lögmanni sínum að gæta hagsmuna sinna vegna vangoldinna launagreiðslna FH við hann vegna tekjuáranna 2019, 2020 og 2021.

Í erindinu er vísað til þess að með úrskurði 10. ágúst 2022 hafi Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ (hér eftir einnig úrskurðurinn) komist að þeirri niðurstöðu að leikmannasamningur FH og MBG með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31.

desember 2021 (fskj. 2) teljist vera launþegasamningur og að samkvæmt því beri Knattspyrnudeild FH ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum samkvæmt samningnum. Úrskurðurinn er haldinn þeim stóra annmarka að þar er því ranglega haldið fram að FH hafi lagt málið fyrir Samninga- og félagaskiptanefnd þegar nefndin úrskurðaði 10. ágúst 2022. Hið rétta er að kærandi þessa máls, Morten Beck Guldsmed, lagði málið fyrir nefndina með erindi Leikmannasamtaka Íslands dags. 30. mars 2022 (fskj. 7). Þar sem Samninga- og félagaskiptanefnd taldi vera kröfu FH um úrskurð, er erindi sem formaður FH sendi Samninga- og félagaskiptanefnd með tölvupósti 22. mars 2022 (fskj. 4 og 5). Það erindi felur aðeins í sér upplýsingar um lokagreiðslu FH til MBG og þá afstöðu félagsins að það stæði ekki í neinni skuld við hann. Ekki var óskað eftir úrskurði nefndarinnar um eitt eða neitt. Þetta er augljóst af erindinu 22. mars 2022 þar sem ekki kemur fram nein kröfugerð og engin krafa um að Samninga- og félagaskiptanefnd taki málið til úrskurðar. Þá er þetta augljóst af umboði því sem MBG gaf Leikmannasamtökum Íslands tveimur dögum síðar eða 24. mars 2022 (fskj. 6), en þar segir m.a. að umboðið nái meðal annars til þess að gæta hagsmuna hans gagnvart FH, „en þó ekki eingöngu að skjóta máli MB til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ“. Krafa um málsmeðferð og úrskurð fyrir nefndinni kom fyrst fram með erindi Leikmannasamtakanna f.h. MBG 30. mars 2022 (fskj. 7), en þar segir m.a. að „Óskað er eftir að SF úrskurði hvort leikmannssamningur MB við FH sem tók gildi 1.1.2020 – 31.12.2021 sé launþegasamningur eða verktaka samningur.“

FH telur úrskurðinn af mörgum öðrum ástæðum rangan. M.a. var ekki fjallað um það í forsendum úrskurðarins hvernig MBG hafði sjálfur talið fram til skatts. Samkvæmt skattframtali 2021 (fskj. 15) vegna tekjuársins 2020 taldi hann fram laun og starfstengdar tekjur frá Knattspyrnudeild FH samtals að fjárhæð 2.050.00,-. Þá taldi hann í skattframtali 2022 (fskj. 15) vegna tekjuársins 2021 fram laun- og starfstengdar tekjur frá Knattspyrnudeild FH samtals að fjárhæð kr. 0.-

Að úrskurðinum gengnum gerði MBG ekkert í málinu fyrr en FH fékk kröfubréf frá honum dags. 9. janúar 2023 (fskj. lagt fram af MBG), þ.e. 5 mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðarins. Með erindinu fylgdi svokölluð sundurliðun þeirra kröfu sem MBG taldi sig eiga á hendur FH (fskj. lagt fram að MBG og nr. 11). Þar sem forsvarsmönnum FH var algerlega óljóst af þessum skjölum hvað fjárkröfur MBH teldi sig eiga á hendur FH voru viðbrögð þeirra að óska eftir fundi með lögmanni MBG. Sá fundur fór fram 12. janúar 2023. Á fundinum varð forsvarsmönnum FH það ljóst að MBG var að gera kröfur á hendur félaginu um fé sem hann átti enga kröfu til; þ.e. skatta, tryggingagjald, iðgjöld í lífeyrissjóð og endurhæfingasjóð.

Það næsta sem gerðist í málinu var að MBG sendi Knattspyrnusambandi Íslands erindi dags. 2. febrúar 2023 (fskj. 11) þar sem þess var krafist að KSÍ hefði milligöngu um að FH greiddi MBH [upphæð] eigi síðar en 16. febrúar 2023. Án þess að fá neinar upplýsingar frá sambandinu um afdrif þess erindis, sendi sambandið FH loks kærana dags. 23. febrúar 2023, þ.e. kærana sem er tilefni þessa mál fyrir Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Öll þrjú fyrrgreind erindi kæranda á þessu ári eiga það sammerkt að í þeim er þess ranglega getið að MBG eigi inni vangoldin laun hjá FH, þó þannig að í síðasta erindinu er efni erindisins tilgreint sem: „Kæra vegna vanefnda knattspyrnudeildar FH á fjárhagslegum skuldbindingum sinum gagnvart leikmanni, Morten Beck Guldsmed sbr. grein 14.17 í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl.“

Rétt er að geta þess, að frá því er greint í erindinu dags. 23. febrúar 2023 að MBG hafi verið með leikmannasamning við FH frá 24. júlí 2019 til 31. janúar 2019 (á að vera 24. júlí - 31. desember 2019) og að krafa MBG taki því einnig til þess tímabils, þó það falli utan þess tímabils sem úrskurðurinn fjallar um. FH mótmælir því að hann eigi nokkra kröfu á hendur félaginu vegna samnings hans við félagið vegna ársins 2019 sbr. greiðslukvittanir á fskj. nr. 12 og uppgjörinu á fskj. nr. 3, frekar en vegna árána 2020 og 2021.

Nánnar tiltekið telur MBG sig samtals eiga fjárkröfu á hendur FH vegna tekjuáranna 2019 - 2021 að höfuðstólsfjárhæð kr. [upphæð].-. Er heildarkröfu MBG lýst þannig í erindinu að „Launakrafa umbj. míns er því að fjárhæð krónur [upphæð] að viðbættum dráttarvöxtum krónur [upphæð] og lögmannskostnaði með VSK, eða alls kr. [upphæð]

Í erindi MBG til nefndarinnar er þess krafist að FH verði beitt viðurlögum og að málinu sé beint til nefndarinnar með vísan til greinar 14.17.3 í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl.

Samkvæmt grein 14.17.1 í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl. hvíli sú skylda á FH að uppfylla þær „fjárhagslegu skuldbindingar sem það tók á sig gagnvart umbj. mínum sky. efni leikmannasamninga sem það gerði við hann.“ eins og segir orðrétt í erindinu.

Loks gerir MBG kröfu um að FH verði gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 2.000.000.- og að sæta félagaskiptabanni í tvö félagaskiptatímabil. Umbjóðandi minn mótmælir öllum kröfum, málsástæðum og lagarökum MBG. Þá er lýsingu málsatvika mótmælt að svo miklu leyti sem hún fer í bága við lýsingu umbjóðanda míns á atvikum málsins.

FH gerir í fyrsta lagi kröfu um að málinu verði vísað frá nefndinni með vísan til 7. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál en ákvæðið hljóðar svo orðrétt: „Kæror vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kærán eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærinni frá.“ Það er sama hvernig á málið er litið, algerlega er augljóst að fresturinn samkvæmt ákvæðinu er löngu liðinn. Kærinni ber þannig að vísa frá með vísan til 7. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Vakin er athygli á að fjárkröfur MBG vegna tekjuársins 2019 var fyrst borin upp við FH 9. janúar 2023. Þar er því um að ræða atvik sem eru rúmlega þriggja ára gömul.

Þá segir í gr. 4.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að sóknaraðili að máli geti verið „einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti.“ FH hefur ekki gert neitt á hlut geranda enda á hann enga kröfu

á hendur féluginu. Leiðir það hvort heldur er til frávísunar málsins og sýknu ef svo ber undir.

Verði ekki fallist á að vísa málinu frá á ofangreindum grundvelli ber að vísa málinu frá Aga- og úrskurðanefnd KSÍ með vísan til þess að samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál eiga einstaklingar og/eða félag sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti, rétt til að leggja fram kæru til Aga- og úrskurðanefndar KSÍ. FH hefur þegar gert upp við MBG að fullu og skuldar honum ekki neitt. MBG á ekki neinar launakröfur á hendur FH eða annarskonar kröfur og því hefur hann ekki neina hagsmuni af meintu broti. Fyrir liggur að einstaklingur í vinnu getur ekki kafið vinnuveitanda sinn um fé sem lúta að lögbundnum eða kjarasamningsbundnum kröfum skattýfirvalda eða lífeyrissjóða, samanber til dæmis dóm Hæstaréttar frá 22. nóvember 2012 í máli nr. 671/2021 (fskj. 16) og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. mars 2022 í máli nr. E-1522/2021 (fskj. 17). Í fyrrgreinda dóminum segir orðrétt í forsendum héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna að „Í samræmi við fordæmi Hæstaréttar verður því að leggja til grundvallar að sóknaraðili eigi ekki aðild að kröfu um vangoldin iðgjöld til lífeyrissjóða heldur séu það viðkomandi lífeyrissjóður sem eigi slíka kröfu gegn varnaraðila.“ Hið sama gildir eðli málsins samkvæmt og í raun enn frekar, um aðild MBG að kröfu um skatta, tryggingagjald, greiðslur í endurhæfingasjóð eða aðrar kröfur þriðju aðila.

Hvað sem öðru líður ber að vísa málinu frá nefndinni vegna þess að fjárkröfur MBG á hendur FH eru algerlega vanreifðar. Sundurliðunarblað það sem fylgt hefur síðustu þremur erindum MBG, fyrst til FH og síðan til KSÍ, er algerlega óskiljanlegt og ber ekki með sér hvort eða hvernig það er fundið út að MBG eigi fjárkröfur á hendur FH sem séu í vanskilum.

Ef nefndin fellst ekki á að vísa málinu frá af ofangreindum ástæðum ber að hafna kröfunni og sýkna kærða af margvíslegum ástæðum, meðal annars öllum þeim sömu og að framan er getið. Þannig eiga sömu röksemdir, málsástæður og lagarök við um kröfu FH um frávísun málsins og sýknukröfuna að breyttu breytanda.

MBG gerir hvorki líklegt né færir sönnunr á að hann eigi neina fjárkröfu á hendur FH, enda á hann enga fjárkröfu á hendur féluginu. Þvert á móti sýna þau gögn sem FH leggur fram í máli þessu að búið er að gera að fullu upp allar samningsgreiðslur við MBG samanber greiðslukvittanirnar á fskj. 12 og samantektina í excel skjalinu á fskj. nr. 13. Uppgjör FH og MBG á fskj. nr. 3 vegna ógreiddra samningsgreiðslna og bónusa vegna ársins 2019 er full sönnun fyrir því að búið var að gera að fullu upp við hann allar samningsgreiðslur vegna þess árs.

Ef lagðar eru saman samningsgreiðslur þær sem MBG átti rétt til vegna tekjuáranna 2020 og 2021 nema þær samtals [upphæð]. Með uppgjörsgreiðslunum 22. mars 2022 hafði MBG samtals fengið greiðslur frá FH að fjárhæð [upphæð] vegna tekjuáranna 2020 og 2021; þ.e. vel rúmlega það sem FH bar að greiða honum í samningsgreiðslur. Þannig liggur fyrir full sönnun á því að MBG á engar fjárkröfur á hendur FH vegna árána 2020 og 2021.

*Kærandi vísar til greinar 14.17 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, einkum grein 14.17.1. Í því ákvæði segir orðrétt að: „Félögum ber að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig gagnvart leikmönnum.....“ Þær fjárhagslegu skuldbindingar sem þarna er fjallað um eru lögvarðar kröfur leikmanns á hendur aðildarfélagi KSÍ, en ekki meintar skattkröfur, kröfur lífeyrissjóða eða aðrar kröfur sem ríkissjóður eða aðrir kunna að eiga á hendur aðildarfélaginu. Leikmaður sem leikið hefur knattspyrnu með aðildarfélagi KSÍ getur ekki tekið að sér hlutverk innheimtumanns ríkissjóðs, lífeyrissjóða eða annarra. Ákvæðið verður að skýra þannig að það fjalli um fjárhagslegar skuldbindingar aðildarfélaganna gagnvart leikmanninum sjálfum og engum öðrum. Til nánari skýringar á því hvaða fjárhagslegu skuldbindingar ákvæðið fjallar um, er til þess að líta að í grein 14.17.4. segir orðrétt að „Til þess að félag teljist vera í vanskilum skv. ákvæði þessu verður leikmaður eða félag sem á kröfu á hendur félaginu að senda því tilkynningu um vanskil.....“*

*Vegna þess misskilnings sem erindi umbjóðanda míns til Samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ ollu við rekstur málsins fyrir nefndinni og þeirra mikilsverðu hagsmuna sem eru undir í málinu, er þess krafist að í málinu fari fram munnlegur málflutningur. Krafan er gerð með vísan til greinar 6.5. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Áskilinn er réttur til að tilgreina aðila og vitni til skýrslugjafar verði fallist á að málið verði munnlega flutt. “*

#### IV.

#### **Niðurstaða:**

Aga- og úrskurðarnefnd hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Í máli þessu hefur kærandi uppi kröfur gagnvart kærða að greiða sekt að fjárhæð kr. 2.000.000,- og að kærða verði gert að sæta félagaskiptabanni í tvö félagaskiptatímabil. Kærði gerir aðallega kröfu um frávísun málsins en til vara að kröfum kæranda verði hafnað.

Kærði hefur gert kröfu um að í málinu fari fram munnlegur málflutningur. Byggir krafa kærða á grein 6.5. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Nefndin nýtur heimildar skv. grein 6.5. til að taka ákvörðun um hvort mál skuli flutt munnlega eða skriflega þegar öll gögn hafa borist nefndinni. Telur nefndin að munnlegur málflutningur muni ekki bæta neinu við grundvöll málsins og því fer málflutningur aðeins fram skriflega.

Hvað frávísunarkröfu kæranda varðar horfir nefndin til þess að úrskurður var kveðinn upp í ágreiningsmáli á milli kæranda og kærða af hálfu samninga- og félagaskiptanefndar þann 10. ágúst 2022. Af gögnum málsins má ráða að aðilar hafi fundað þann 12. janúar 2023 en þeim hafi ekki tekist að ná saman um uppgjör í samræmi við nefndan úrskurð samninga- og félagaskiptanefndar. Til grundvallar frávísunarkröfu vísar kærði til 7. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í ákvæðinu er kveðið á um að kærsmål skuli berast aga- og úrskurðarnefnd innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að gengið hafi verið frá uppgjöri á milli málsaðila í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022. Félögum ber að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig

gagnvart leikmönnum og öðrum félögum, skv. efni þeirra leikmannasamninga sem það er aðili að, sbr. grein 14.17.1. reglugerðar um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Samkvæmt grein 14.17.3., sbr. grein 14.17.5 í sömu reglugerð er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að grípa til viðurlaga gagnvart félögum sem hafa vanefnt greiðsluskyldu sína í meira en 30 daga.

Sérstaklega er tiltekið að ákvæði greinar 14.17. séu sjálfstæð gagnvart öðrum ákvæðum, sbr. grein 14.17.10. Lítur nefndin því svo á að grein 14.17. heimili aga- og úrskurðarnefnd að grípa til sérstakra ráðstafana liggi fyrir að félag hafi vanefnt fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Þær ráðstafanir séu heimilar óháð því hvort að 5 dagar séu þegar liðnir frá því vanefnd varð vegna fjárhagslegra skuldbindinga, svo fremi sem almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda sé ekki liðinn. Telur nefndin sig því ekki vera bundna við kærufrest, skv. 7. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, í fyrirliggjandi máli enda standa ákvæði nefndrar greinar 14.17. sjálfstæð. Kröfu kærða um frávísun á grundvelli 7. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er því hafnað.

Kærði vísar til þess að félagið hafi ekki gert neitt á hlut kæranda og að kærandi eigi ekki neinar launakröfur á hendur FH eða annarskonar kröfur. Af þeim ástæðum eigi að vísa málinu frá í samræmi við greinar 4.4. og 6.1. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Ekki er fallist á það að hálfu aga- og úrskurðarnefndar að kærandi, sem einstaklingur, eigi ekki hagsmuni af meintu broti kærða. Í þessu tilviki er ágreiningur um greiðsluskuldbindingu kærða, skv. leikmannasamningi og síðar úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022. Úrskurður samninga- og félagaskiptanefndar kveður á um ábyrgð kærða til greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum til kæranda samkvæmt samningi. Það er afstaða nefndarinnar að í ákvæði greinar 14.17.1. um að félögum beri að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig gagnvart leikmanni felist ekki aðeins skylda til greiðslu launa, þegar um launþegasamning er að ræða, heldur einnig skylda til greiðslu skatta og launatengdra gjalda. Hefur kærandi því hagsmuni af meintu broti óháð því hvort hann eigi beina fjárkröfu á hendur kærða eður ei. Er frávísunarkröfum kærða á þeim grundvelli því hafnað.

Aga- og úrskurðarnefnd tekur ekki afstöðu til fjárhæðar þeirra krafna sem gerðar hafa verið af hálfu kæranda á hendur kærða. Fellur það ekki í hlut aga- og úrskurðarnefndar að leysa úr slíkum ágreiningi. Hefur kærandi að auki ekki gert kröfu um að nefndin leggi sérstakt mat á þá fjárhæð. Nefndin telur það hins vegar ljóst að kærða hafi ekki tekist að færa sönnur á að gerðir hafi verið upp skattar og önnur launatengd gjöld af greiðslum til kæranda eins og kveðið er á í úrskurði frá 10. ágúst 2022. Leggur nefndin ríka áherslu á að kærandi uppfylli þær fjárhagslegu skuldbindingar sem hann tekur á sig skv. efni leikmannasamninga og ekki síður skv. niðurstöðu úrskurðarnefnda KSÍ. Niðurstæða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefni er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila, sbr. 28. grein reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar að kærandi hefur vanefnt greiðsluskyldu sína skv. úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022 í meira en 30 daga án þess að hafa samið um greiðslufrest sbr. grein 14.17.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Greiðsluskylda kæranda hefur verið viðvarandi a.m.k. frá 10. ágúst 2022. Vegna þess hefur nefndin

ákveðið að fallast að hluta á kröfur kæranda og sekta kærða um kr. 150.000,- samkvæmt grein 14.17.5 c). Jafnframt þykir nefndinni rétt að tiltaka að kærða verði gert að sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil, skv. grein 14.17.5 d) takist kærða ekki að sýna fram á að gengið hafi verið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því að úrskurður þessi er kveðinn upp. Er það í samræmi við grein 14.17.7. sömu reglugerðar.

#### IV.

##### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild FH skal sæta sekt að upphæð kr. 150.000,-. Knattspyrnulið FH í meistaraflokki karla skal sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil ef ekki er gengið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því að úrskurður þessi er kveðinn upp.

##### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]